

BORGARRÁÐ 14. september 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um áhrif og afleiðingu raka og myglu í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur – MSS23090081

Fyrirspurnir vegna áhrifa og afleiðinga raka og myglu í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur. Fulltrúi Flokks fólksins hefur nýlega lagt fram tillögu í borgarstjórn um að málefni þeirra sem hafa orðið illa úti vegna myglu og raka í húsnæði á vegum borgarinnar verði skoðuð og metið hvort greiða ætti einhvers konar skaðabætur, t.d. styrk vegna læknskostnaðar. Fulltrúi Flokks fólksins er að þessu sinni með fyrirspurnir vegna áhrifa og afleiðinga myglu í húsnæði Orkuveitunnar. Bæjarhals 1 hús Orkuveitu Reykjavíkur var opnað árið 2000. Á gólf var lagt viðarparket á raka golfplötu eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins kemst næst. Óskað er upplýsinga um hver tók þá ákvörðun á þessari aðgerð og bar á henni ábyrgð? Þegar ljóst var að verulegur raki og mygla væri í húsnæði Orkuveitunnar árið 2005/2006 var ákveðið að tilkynna málið ekki til vinnueftirlits ríkisins. Hver tók þessa ákvörðun og hver/hverjir bera á henni ábyrgð? Óeðlilega mikil veikindi hafa verið hjá starfsmönnum frá þessu tímabili sem rekja mætti til ástands hússins: Hvað margir starfsmenn veiktust vegna raka, myglu og gró og hver voru afdrif þeirra? Hvað margir af þeim starfsmönnum sem unnu í húsinu á þessum tíma starfa þar ennþá? Hvernig voru prófanir/athuganir gerðar á Bæjarhálsi 1 á árunum 2013-2015 og hverjir framkvæmdu þær og hvað var skoðað fram til þess tíma að Efla verkfræðistofa hóf skoðun á húsnæðinu í ágúst/september 2015? Voru tekin sýni úr efnum s.s. veggjum, parketi o.s.frv.? Óskað er upplýsinga um hvernig tekið hefur verið á málum af þessu tagi hjá Orkuveitu Reykjavíkur síðustu ár? Ákveðinn hópur fólks sem starfaði hjá Orkuveitu Reykjavíkur átti ekki afturkvæmt á vinnumarkað eftir alvarlegt heilsu- og fjárhagstjón vegna veikinda sem staðfest var af læknum að rekja mátti til myglu og raka í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur Hafa þessi einstaklingar fengið hlustun og skilning yfirmanna sinna? Hafa þeir fengið einhverjar bætur? Hvernig hyggst Orkuveitu Reykjavíkur bregðast við frekari kröfum sem fram kunna að koma vegna mála af þessu tagi? Hvað margir hafa óskað eftir að fá skaðabætur frá Orkuveitu Reykjavíkur vegna veikinda sem rekja má til myglu og raka í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur sl. 10 ár?